



Myndverk í íþróttahúsinu

Margir hafa tekið eftir því að litríkar myndir prýða nú nokkra veggi íþróttahússins. Um er að ræða myndverk sem unnin voru í listasmíðju á fjölmenningsviku. Ágústa Ragnarsdóttir skipulagði listasmíðjuna og málaði grunnmyndir útfrá þjóðsögum frá Íslandi, Póllandi og Tælandi. Börnin bjuggu síðan til lítil myndverk sem fest voru á fletina. Það er óhætt að segja að myndirnar hafa vakið mikla eftirtekt enda eru þær mikil prýði á gráum veggjunum.

Upplýsingar um þjóðsögurnar er hægt að lesa af plöggum sem fest hafa verið við myndirnar.



Hársmyrtistofan
ARS
Kleberg 9, sími 483-3373
Mán.: Lokað. Þri.: 13-17
Mið.: 17-22. Fim.-fös.: 13-17

Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar
Íþróttahús, sundlaug,
tækjasalur og spa
Sími 483 3807

Þjálfunar hjól gefið að Egilsbraut 9 í Ölfusi

Öllum er hreyfing nauðsynleg fyrir andlega og líkamlega vellíðan, ekki síst þeim sem eru með hreyfihamlandi sjúkdóma, lömum, minnkaðan vöðvastyrk, parkinson, svima eða annað sem getur staðið í vegi fyrir almennri hreyfingu. MOTOMed æfingarhjólið gefur mikla þjálfun og frábæran árangur í að auka teygjanleika, slaka á spasma og auka blóðflæðið í útlimum. MOTOMed þjálfun getur byggt upp og viðhaldið grunnþjálfun til göngu (það er þol og styrk) og dregið úr stífleika í vöðvum. Öllum eldri borgurum og öryrkjum stendur til boða að nota hjólið. Gefendur hjólsins eru: Kiwanisklúbburinn Ölver, Félag eldri borgara í Ölfusi, Þróstur Þorsteinnsson



Brynja Herbertsdóttir á nýja hjólinu á Egilsbraut 9 ásamt fulltrúum gefenda og Sigrúnu Theodórsdóttir forstöðumanni við afhendingu MOTOMed hjólsins

og Sigríður Gunnarsdóttir, Kvenfélag Þorlákshafnar og Icelandic Water Holdings ehf. Kunnum við þeim

hjartans þakkir fyrir sýndan hlýhug og áhuga. F.h. dagvalar aldraðra í Ölfusi, Sigrún Theodórsdóttir.

Landsbankinn
Sími: 410-4150
Afgreiðslutími:
9:15-16:00
Hafnarberg 1, 815 Þorlákshöfn

Við smíðum
þínar innréttingar
www.fagus.is • Sími 483 3900 **FAGUS**

HAFNARDAGAR 1. - 6. JÚNÍ 2011

Samkeppni um Hafnardagalag 2011

Taktu þátt - sendu inn upptöku af laginu fyrir 10. maí - á disk, USB lykli eða með netsendingu á barbara@ölfus.is

Allt efni skal merkt með nafni lags. Texta og upplýsingum um höfund skal skilað í lokuðu umslagi, einnig merkt með nafni lags.

Sjá nánari upplýsingar á:

www.hafnardagar.is

SKÁLINN

Verið velkomin

Breyttur opnunartími:
Mánudaga-Föstudaga 08:00-22:00
Laugardaga 09:00-22:00
Sunnudaga 10:00-22:00

Sími 483 3801

Frá útgefendum

Bæjarlíf óskar lesendum sínum gleðilegs sumars um leið og þakkað er fyrir samfylgdina í vetur. Framundan er bjartari tíð með páskaeggj handan við hornið.

Megi íslenska sumarið leika við ykkur og færa ykkur yl og gleði, bjartar og langar sumarnætur með glóandi grilli í garðinum. Og grillum eins og enginn sé morgundagurinn.

Róbert Karl & Stefán

BÆJARLÍF BRÓSANDI BLAÐ!

Bæjarlíf – óháð blað frá 2001

Ritsstjórn og ábyrgð:

Róbert Karl Ingimundarson; robert@bæjarlif.net
Stefán Þorleifsson; stebbi@bæjarlif.net

Útgefandi: RS-útgáfan

Heimasíða: www.bæjarlif.net

Netfang: postur@bæjarlif.net

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili Sveitarfélagsins Ölfuss. Upplag: 1000 eintök.

Skilafrestur í næsta blað: **fös. 29. apríl.**

Útgáfudagur: miðvikud. 4. maí
postur@bæjarlif.net



Þorlákshafnarprestakall

Sóknarprestur: Baldur Kristjánsson
Símar: 483 3771 og 898 0971
Netfang: bk@baldur.is (www.baldur.is)
Viðtalstími: Eftir samkomulagi
Organisti: Hannes Baldursson

ÞORLÁKSKIRKJA, sími: 483 3616
Kirkjuvörður: Halla Kjartansdóttir, símar: 483 3661 og 864 2386

HJALLAKIRKJA, sími: 483 4509
Kirkjuvörður: Sigurður Hermannsson

Formaður sóknarnefndar Þorláks- og Hjallasóknar: Ellen Ólafsdóttir

STRANDARKIRKJA
Sóknarprestur svarar fyrir Strandarkirkju ásamt neðangreindum.
Kirkjuvörður: Sívía Ágústsdóttir, sími: 483 3910
Formaður sóknarnefndar Strandarsóknar: Guðrún Tómasdóttir

Finndu fimm villur



Fréttir af félagsstarfi á Egilsbraut 9

14. mars komu eldri borgarar frá Vestmannaeyjum í heimsókn. Tekið var vel á móti þeim og aðstaða 9-unnar var kynnt fyrir þeim og fannst þeim mikið til koma. Kór eldri borgara í Vestmannaeyjum tók nokkur skemmtileg lög við undirleik gítarspils. Þetta var skemmtileg heimsókn og þökkum við þeim kærlega fyrir komuna.



hvern fimmtudag og er næsti tími 7. apríl kl. 13:20, kennari Anna Berglind. Gönguhópurinn er lagður af stað og er alltaf á fimmtudögum kl. 10:20. Keramik er á mánudögum og fimmtudögum kl. 13:30. Boccia er á mánudögum kl. 10:00. Karlahittingur er á mánudögum kl. 14:00. Leikfimi er á miðvikudögum kl. 10:20. Gott að liðka liðina í góðra manna hópi.

Guðrún Jóhannesdóttir fór í heimsókn til Bergheima og las fyrir börnin.

Félagsstarfið er í fullum gangi og ættu allir að getað fundið sér eitthvað við hæfi.

Hlökkum til að sjá ykkur, Starfsfólk 9-unnar

Félagsstarfið er í fullum gangi. Á mánudögum og miðvikudögum kl. 13:00 er mosaik. Það er verið að vinna mosaik lampa, vasa, myndir og fl. Breyting hefur orðið á glervinnunni og er nú á þriðjudögum kl. 13:00. Skráningarblað liggur frammi í matsal. Þrjónakaffi er á þriðjudögum kl. 13:00. Kortagerð er á miðvikudögum og er verið að vinna fermingarkortin sem eru mjög falleg og verða til sölu hér á 9-unni. Einnig verða þau til sölu fimmtudaginn 7. apríl fyrir utan bókasafnið og bankann frá kl. 11:00 – 13.00 og rennur allur ágóði til félagsstarfsins. Línudans er annan

Fermingar í Þorláksprestakalli

Þorláskirkja 10. apríl 2011 kl. 13:30

Guðjón Axel Jónsson, Oddabraut 6, 815 Þorlákshöfn.
Hekla Bender Bjarnadóttir, Skálholtsbraut 11, 815 Þorlákshöfn.
Ragnar Óskarsson, Eyjahrauni 37, 815 Þorlákshöfn.
Sindri Freyr Ágústsson, Reykjabraut 24, 815 Þorlákshöfn.
Matthías Orri Eliásson, Finnsbúð 11, 815 Þorlákshöfn.
Lilja Margrét Sigurðardóttir, Reykjabraut 21, 815 Þorlákshöfn.
Þóra Björg Þórðardóttir, Sambygð 8, 815 Þorlákshöfn.

Strandarkirkja Pálmásunnudag, 17. apríl, kl. 10:30

Edda Anika Einarsdóttir, Vættuborgum 156, 112 Reykjavík.

Þorláskirkja Pálmásunnudag 17. apríl 2011 kl. 13:30

Jenny Karen Aðalsteinsdóttir, Reykjabraut 24, 815 Þorlákshöfn.
Halldór Garðar Hermannsson, Lyngbergi 9, 815 Þorlákshöfn.
Axel Örn Sæmundsson, Setbergi 19, 815 Þorlákshöfn.
Eyþór Örn Steinarsson, Oddabraut 2, 815 Þorlákshöfn.
Jón Jökull Þráinsson, Pálsbúð 1, 815 Þorlákshöfn.

Þorláskirkja 21. apríl kl. 13:30

Sigrún Sól Jónsdóttir, Pálsbúð 2, 815 Þorlákshöfn.
Arnar Logi Sveinsson, Básahrauni 19, 815 Þorlákshöfn.
Eyþór Dagur Brynjarsson, Básahrauni 14, 815 Þorlákshöfn.
Lína Rós Hjaltsted, Eyjahrauni 36, 815 Þorlákshöfn.
Grétar Þór Guðmundsson, Eyjahrauni 2, 815 Þorlákshöfn.
Daniel Heiðar Grímsson, Egilsbraut 4, 815 Þorlákshöfn.
Þorsteinn Helgi Sigurðarson, Lyngbergi 17, 815 Þorlákshöfn.

Hjallakirkja Páskadag, 24. apríl, kl. 14:00

Stefán Þór Gunnarsson, Heiðarbrún 57, 810 Hveragerði.

Hjallakirkja 1. maí, kl. 14:00

Sveinn Helgi Reynisson, Bjarkarheiði 26 810 Hveragerði

Þorláskirkja 8. maí kl. 13:30

Stefanía Ásta Davíðsdóttir, Klébergi 7, 815 Þorlákshöfn.
Kalmann Breki Guðmundsson, Básahrauni 9, 815 Þorlákshöfn.
Þórir Guðmundsson, Lyngbergi 7, 815 Þorlákshöfn.
Magnús Þór Valdimarsson, Básahrauni 18, 815 Þorlákshöfn.

Fréttir frá Frjálsíþróttadeild Þórs

Þá er innanhússtímabilinu í frjálsum lokið og góður árangur hjá Þórsurum. Nú æfa um 15 krakkar á aldrinum 9-14 ára. Æfingarnar eru fjölbreyttar þar sem aðalatriðið er að hreyfa sig og hafa gaman. Æfingar eru í íþróttahúsinu og er markmiðið að auka þrek og



styrkleika en síðan þegar við förum út á frjálsíþróttavöllinn verður lögð áhersla á meiri tækni. Útiæfingar hefjast í byrjun maí og eru allir velkomnir. Æfingatíminn fyrir útiæfingar verður auglýstur í Íþróttamiðstöðinni.

Helstu afrek vetrarins:

Eva Lind, 16 ára: Íslandsmeistari með yfirburðum í kúluvarpi meylla 15-16 ára og bronsverðlaun í 60m grindarhlaupi og 200m á sama móti. Gullverðlaun á Stórmóti ÍR í kúluvarpi og brons í 60m grind. Bronsverðlaun á boðsmóttinu Reykjavík International Games á eftir Helgu Margréti tugþrautakonu og Ásdísi Hjálms spjótkastara. Fjórfaldur HSK meistari fullorðinna í 60m hlaupi, langstökki, kúluvarpi, 60m grind en einnig tvenn silfurverðlaun, í þristökki og 200m hlaupi. Unglingameistari meylla 15-16 ára HSK í kúlu, brons í langstökki, gull í 60m hlaupi, gull í hástökki, gull í 60m grind og silfur í 800m hlaupi. Í Bikarkeppni FRÍ innanhúss sem er hápunktur tímabilsins var Eva valin í lið HSK og keppti í tveim greinum og stóð sig frábærlega, bronsverðlaun í 60m grind og brons í kúlu. Einn einstaklingur er valinn í hverja grein til að keppa fyrir sitt lið. Þess má einnig geta að Eva Lind er komin í afrekshóp FRÍ.

Styrmir Dan, 12 ára: Gullverðlaun í kúluvarpi og brons í langstökki á Stórmóti ÍR. HSK meistari í öllum 5 keppnisgreinum fyrir pilt 12 ára. Gull í hástökki, 60m hlaupi, langstökki, kúluvarpi og 800m hlaupi. Á Íslandsmeistaramóti 11-14 ára stóð Styrmir sig einstaklega vel. Í hans aldursflokki náði hann í gullverðlaun í langstökki, kúlu, hástökki og brons í 60m hlaupi. Á þessu móti kepptu allir sterkustu keppendur landsins í hans aldursflokki.

Telma Dís, 19 ára: Silfurverðlaun í 800m hlaupi á Meistaramóti Íslands. Bronsverðlaun í þristökki á Stórmóti ÍR. HSK meistari í unglvennaflokki í 60m hlaupi og 800m hlaupi og silfur í kúlu, hástökki og langstökki

Daníel Orri, 13 ára: Bronsverðlaun í kúluvarpi og 60m hlaupi á unglvennaflokki HSK

Alexandru Gabriel, 12 ára: Silfur í kúlu og brons í 800m hlaupi á unglvennaflokki HSK

Aðrir stóðu sig mjög vel en talsverð veikindi hömluðu toppárangri hjá hluta af hópnum. Öll nánari úrslit á www.fri.is/ undir mót og mótaskrá.

Tvær stelpur úr Þorlákshöfn, Eva Lind og Telma Dís æfa frjálsar með meistaraflokk UMF Selfoss. Þjálfarar eru Sigurður Einarsson, spjótkastari og margfaldur ólympíufari, og Sigríður Anna Guðjónsdóttir, íslandsmet-hafi í þristökki. Stelpurnar hafa bætt sig mjög mikið í vetur og á Eva Lind meðal annars íslandsmet í kúluvarpi 15 ára með 3 kg kúlu (14,17). Eva Lind er mjög nálægt lágmarki fyrir HM unglunga 17 ára og yngri sem verður haldið í Lille, Frakklandi í byrjun júlí.

Haraldur Einarsson, þjálfari og spretthlaupari

Ungmennahús opnar í Þorlákshöfn!

Til stendur að opna ungmennahús í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Svítunnar fimmtudaginn 14. apríl kl. 20:00. Markmið með rekstri hússins er að bjóða ungmennum upp á aðstöðu til dægradvalar og skemmtunar án vímuefna og tóbaks. Aðstaðan er til fyrirmyndar en í húsinu er DVD-spilari, sjónvarp, skjávarpi, leikjatölva, öflugt hljómkernfi, fótboltaspil, þyðokki, biliard- og borðtennisborð. En all-

taf má gera betur og mun starfsmaður hússins leita til ungmenna um hvað þarf til að bæta aðstöðuna enn frekar.

Dagskrá ungmennahúss mun vera í höndum þeirra ungmenna sem nýta sér aðstöðuna en ætlunin er að hafa opið alla fimmtudaga frá kl. 20:00-22:30. Ef einhverjir hafa hugmyndir er varða ungmennahúsið eru þeir beðnir um að hafa samband við Val Rafn í netfangið valur@toppnet.is

Bjarni sýnir myndir á bókasafninu



Bjarni Joensen sýnir olíumálverk í Gallerí undir stiganum, sýningar-rými Bæjarbókasafns Ölfuss. Bjarni hefur haldið margar sýningar, bæði einkasýningar og samsýningar í Þorlákshöfn og víðar. Erlendis hefur Bjarni sýnt myndir sínar í Færeijum, en framundan eru frekari landvinningar. Í undirbúningi er að senda málverk tveggja myndlistarmanna úr Ölfusi

til sýningar í Finnlandi í tengslum við vinabæjarmót sem þar verður haldið í sumar. Auk Bjarna, tekur Ólöf Haraldsdóttir þátt í sýningunni, en hún mun halda sýningu í Gallerí undir stiganum í maí.

Sýning Bjarna stendur út mánuðinn og er opin á opnunartíma bókasafnsins.

Til leigu

3ja herb. blokkaríbúð í Sambyggð 2.
Laust strax. Uppl. í síma 773-0699



Unubakka 34
Sími 483 3545

BERGVERK

VÉLSMIÐJA | NÝSMÍÐI | VIÐGERÐIR
Unubakki 10-12 • Sími 893 0187



SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS

Bæjarskrifstofur Ölfuss

Hafnarbergi 1, sími 480 3800,
olfus@olfus.is
Opíð: 9-12 og 13-16

Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri,
ol@olfus.is

Guðni Pétursson bæjarritari,
gudni@olfus.is

Sigurður Jónsson byggingarfulltrúi,
sigurdur@olfus.is

Kristinn G. Kristinsson félagsmálastjóri,
kristinn@olfus.is

Bókasafn

Sími 480 3830, bokasafn@bokasafn.is
Barbara Guðnadóttir menningarfulltrúi,
barbara@bokasafn.is
Opíð mán. til mið. 11-18, fim. 14-20
og fös. 11-17

Íbúðir aldraðra

Sími 483 3614
Sigrún Theódórsdóttir forstöðukona,
sigrunth@olfus.is

Þjónustumiðstöð Ölfuss

Sími 483 3803
Gunnþór K. Guðfinnsson umhverfisstjóri,
gkg@olfus.is

Grunnskólinn

Sími 480 3850, skolinn@olfus.is
Halldór Sigurðsson skólastjóri,
halldor@olfus.is

Leikskólinn Bergheimar

Sími 483 3808, leikskoli@olfus.is
G. Ásgerður Eiríksdóttir leikskólastjóri,
asgerdur@olfus.is

Íþróttamiðstöð Ölfuss

Sími 483 3807
Ragnar Sigurðsson íþrótt- og
æskulýðfulltrúi,
ragnar@olfus.is

Hafnarvogin

Sími 480 3601
Indriði Kristinsson hafnarstjóri,
hafnarvog@olfus.is

www.olfus.is

Járnkarlinn ehf.
Vélsmiðja / Bifreiðaverkstæði
Hafnarskeið 28, Þorlákshöfn. Sími: 483-3270



Sveitarfélagið Ölfus

Viðtalstímar bæjarfulltrúa

Sigríður Lára Ásbergisdóttir, forseti bæjarstjórnar

Stefán Jónsson, D-lista

Hvenær: Miðvikudag 27. apríl kl. 17-18

Hvar: Bæjarskrifstofu Ölfus Hafnarbergi 1

www.olfus.is

Trjá- og runnaklippingar



Tek að mér trjá- og runnaklippingar!
Nú er rétti tíminn!
Fjarlægj ákveppur ef óskað er.

Gunnþór K. Guðfinnsson
garðyrkjufraeðingur
Sími: 661-0012



Flatskjár til sölu

United flatskjár 32' skjár
með veggfestingum á kr. 40.000.-

Upplýsingar í síma 615-2920

Sorp- og endurvinnsluflokkar á gámasvæðinu eru:

Blöð, tímarit, sléttur pappi, skrifstofupappir, bylgjupappir, raftæki smá, raftæki stór, tölvur, tölvuskjár, flatskjár, ljósaperur, kælitæki, fót og klæði, garðaúrgangur, hjólarðar, rafhlöður, spilliefni, steinefni (gler, postulín, flisar, múrbrot og fl.), málmar, ómálað timbur, málað timbur og grófúr-gangur s.s. dýnur, sófar, gólfteppi og fl. sem erfitt er að pressa.



Gámasvæðið við Hafnarskeið

Opnunartímar:

Mán. – fös. : 13:00 - 18:00
Lau.: 13:00 - 16:00
Sun.: Lokað

Á gámasvæði er tekið á móti flokkuðum úrgangi.

Vinsamlega gangið vel um og losið ekki úrgang af neinu tagi utan gámasvæðis.

Sími 483 3817

Bylgjupappi

Nú er einnig tekið við bylgjupappa í sér gám á gámasvæðinu. Í þann flokk má setja umbúðir úr pappa sem hafa bylgjur í brúnum þess. Pizzakassar eru dæmi um bylgjupappa.



Kvennagolf í Þorlákshöfn

Sumarið 2009 tókum við, nokkrar konur í Þorlákshöfn, okkur til og skelltum okkur saman í golf á mánudagskvöldum. Þetta voru skemmtilegar stundir sem við slógum botninn í með því að hittast í golfskálanum yfir veitingum og spjalli. Þetta sumar greiddu konur utan golfklúbbsins ekkert fyrir að vera með í spilamennskunni.

Í framhaldi af þessu fyrsta golfsumri okkar hófum við starfið sumarið 2010 með því að halda kvennafund í golfskálanum í byrjun apríl. Á fundinn mættu rúmlega 20 konur og var tekin ákvörðun um að hittast eins og áður, á mánudagskvöldum

og að utanfélagskonur greiddu nú 200 kr. í hvert sinn. Það var auk þess mikið spjallað um starfið, fyrirkomulag leiks og markmið sett fyrir sumarið. Við ræddum um að hafa a.m.k. eitt kvennamót og einnig ef vel gengi að heimsækja golfkonur í Hveragerði og spila með þeim. Þetta var skemmtilegt golfsumar og nokkrar konur fengu virkilega „golfbakteríu“ og mættu reglulega á hverjum mánudegi og spiluðu saman. Við héldum eitt „Texas scramble“ mót en en vegna veðurs, ausandi rigningar og roks, náðum við ekki að ljúka spilamennskunni. Þrátt fyrir það þá skemmtu þátttakendur sér vel og við enduðum þetta mót á að borða saman í golfskálanum. Það varð ekkert úr samspili við Hvergerðingana þetta sumarið, aðallega vegna þess að við töldum okkur ekki tilbúnar, þar

sem flestar konurnar voru nýliðar í golfinu. Ingvar Jónsson bauð okkur tilsögn í golfi gegn vægu gjaldi á mánudögum klukkutíma áður en við fórum á völinn. Kvennastarfið gekk að okkar mati mjög vel síðasta sumar og við áttum skemmtilegar stundir saman.



Stoltar með árangur sumarsins

Nú er að renna upp nýtt golfsumar og við í nefndinni erum fullar tilhlökkunar og bjartsýni. Við ætlum að byrja starfið eins og á síðasta ári með því að halda kynningarfund fyrir allar konur sem hafa áhuga á golfi hvort sem þær eru vanar eða óvanar. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 12. apríl næstkomandi kl 20:00 í golfskálanum og við hvetjum sem flestar konur að mæta og kynna sér kvennastarfið. Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi kvennagolfið, hikið þá ekki við að senda okkur fyrirspurnir á netföngin astajulia@olfus.is eða katrinossi@gmail.com. Okkar von er að kvennastarfinu í Þorlákshöfn vaxi enn fiskur um hrygg í sumar og konum í golfklúbbum fjölgi verulega.

F.h. kvennanefndar,
Ásta Júlía og Katrín Ósk

Bæjarlíf

BROSANDI BLAÐ FRÁ 2001

postur@baejarlif.net - www.baejarlif.net



Sími 483 3993

Raflagnateikningar og tölvuviðgerðir

Vöruflutningar

Þorlákshöfn - Reykjavík- Þorlákshöfn

Ódýr og góð þjónusta alla daga

Marteinn Óli

Lýsbergi 10, Þorlákshöfn

sími: 893-0870



Fréttir frá Knattspyrnufélaginu Ægi

Nú stýttist í sumarið og keppnistímabilið því á næsta leiti. Fjöldi flokka frá Ægi taka þátt í Íslandsmóti og síðan má ekki gleyma Rey Cup, N1 mótinu og Smábæjarleikunum á Blönduósi auk fjölda annarra móta. Því er tilvalið að huga að Ægisgallanum fyrir sumarið. Hægt er að fá heilan galla en nú er einnig hægt að fá stakar buxur. Þú ert að bæta við nýjum buxum sem eru síðar með hefðbundnu sniði en að sjálfsögðu er hægt að fá áfram buxurnar með gervigrassniðinu.

Þeir sem hafa áhuga á að fá galla fyrir sumarið geta haft samband við Hörpu Hilmarsdóttur á harpa@olfus.is eða í síma 659 7011. Það er um að gera að panta tímanlega.

Nýr þjálfari meistaraflokks

Alfred Elías Jóhannsson tók við þjálfun meistaraflokks Ægis nú í haust. Alfred hefur spilað í öllum deildum á Íslandi og m.a. Stjórnunni og Grindavík í efstu deild. Hann hóf þjálfaraferilinn hjá GG í Grindavík 2006 en var síðan ráðinn til BÍ/Bolungarvík fyrir síðasta tímabili og kom þeim upp í 1. deild.

Alfred er mjög ánægður með aðstöðuna og það starf sem unnið er hjá Ægi. Hann á von á skemmtilegu keppnistímabili og hlakkar til að sjá sem flesta á vellinum í sumar. Júlíus

Steinn Kristjánsson hefur verið ráðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokksins og verður því hægri hönd Alfreds. Júlla Þekkjum við öll sem máttarstólpa í liði Oldboys.



Nú er Lengjubikarinn í fullum gangi og Ægismenn hafa gert tvö jafntefli það sem af er, gegn KG og Sindra.

Sumardagskaffi færirst til 1. maí

Þar sem sumardaginn fyrsta ber upp á skírdag þetta árið hefur Knattspyrnufélagið Ægir ákveðið að færa sitt margrómaða sumardagskaffi til 1. maí. Við vonum að allir taki þessum breytingum vel og fjölmenni í kaffiveisluna eins og venjulega.

Skólalíf



Sú hefð hefur fyrir löngu skapast, í Grunnskólanum í Þorlákshöfn, að 10. bekkur setur á svið leikrit í fullri lengd. Það er skólastjórinn sem sest í leikstjórstól í nokkrar vikur á vetri hverjum og sér um að allt gangi upp. Að sögn Halldórs skólastjóra er þetta í tuttugasta skiptið sem hann stýrir því verki.

Það var ekki vandamál fyrir Halldór að svara því hvaða stykki hafa verið sett á svið hingað til. Hann er með öll handritin í röð og reglu og er enga stund að fletta því upp hvaða ár hvaða stykki var sett upp og hann man líka hvaða krakkar léku hvaða hlutverk mörg ár aftur í tímann. Hann nefndi nokkur leikrit sem hafa verið sett upp eins og Járnhausinn, Snjólfur, Hart í bak, Síldin kemur, síldin fer og



Grease svo eitthvað sé nefnt.

Í ár varð fyrir valinu leikritið 6-tán á (von) á lausu eftir Gísla Rúnar Jónsson. Allir nemendur 10. bekkjar taka þátt í uppfaerslunni þó svo það fari ekki allir á svið. Sumir sjá um ljósin, aðrir um leikmuni og enn aðrir um leiksviðið. Stundum hafa nokkrir níundubekkingar tekið þátt og svo er í ár. Þrjár stelpur og einn strákur úr 9. bekk eru með.

Þetta leikrit fjallar um unginga í framhaldsskóla og það sem á daga þeirra drífur. Þetta er ekki beinlínis söngleikur en það eru samt sem áður sungin nokkur lög, hress og skemmtileg, sem allir ættu að kannast við.

Leikritið verður sýnt fimmtudaginn 7. apríl kl. 20:00

Guðrún S. Sigurðardóttir,
grunnskólakennari

Ljósmyndir: Sveinbjörn Ásgrímsson,
grunnskólakennari



Uppgræðslusjóður Ölfuss

Auglýsing um styrki til landbótaverkefna

Uppgræðslusjóður Ölfuss auglýsir eftir umsóknum um styrki til uppgræðsluverkefna 2011. Heimilt er að veita landeigendum, Sveitarfélaginu Ölfusi, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna. Með styrkveitingum úr sjóðnum er ætlunin að efla landgræðslu og gróðurvernd í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Styrkhæf verkefni

Við ákvörðun um styrkveitingar er einkum lögð áhersla á verkefni sem falla að framkvæmdaáætlun, en framkvæmdaáætlun Uppgræðslusjóðs Ölfuss beinist að eftirfarandi verkefnum:

- Stöðvun sandfoks, eflingu gróðurs og jarðvegsverndarskógrækt í nágrenni Þorlákshafnar.
- Stöðvun jarðvegsrofs og endurheimt gróðurs á 700 ha landsvæði milli Hengils og Lyklafells.

Nánari upplýsingar gefur umhverfisstjóri ölfuss í síma 862-0920. Einnig má finna frekari upplýsingar og umsóknareyðublað á heimasíðu sveitarfélagsins á slóðinni www.olfus.is

Skila þarf umsóknum fyrir 15. apríl og mun ákvörðun um úthlutun styrks liggja fyrir 15. maí.

Stjórn Uppgræðslusjóðs Ölfuss

Tölvu- viðgerðir





Sveitarfélagið Ölfus

Sumarstörf

Sveitarfélagið auglýsir eftir flokksstjórum í vinnuskóla og sumarstarfsfólki í Þjónustumiðstöð!

Flokksstjóra í vinnuskóla

Um er að ræða vinnu á útisvæðum og verkstjórn í vinnuskóla. Æskilegt er að umsækjendur séu tvítugir eða eldri.

Flokksstjóra í Þjónustumiðstöð

Um er að ræða vinnu og verkstjórn við fjölbreytt verkefni á vegum Þjónustumiðstöðvar.

Æskilegt er að umsækjendur séu tvítugir eða eldri.

Störf við garðyrkju- og umhverfismál

Um er að ræða fjölbreytt verkefni við slátt og fegrun bæjarins. Æskilegt er að umsækjendur verði sautján ára á árinu eða séu eldri.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Ölfuss og á heimasíðunni olfus.is. Umsóknum skal skila inn í síðasta lagi **15. apríl** nk. á skrifstofu Ölfuss.

Nánari upplýsingar veitir Gunnþór K. Guðfinnsson, umhverfistjóri í síma 483 3804, 862-0920 eða gkg@olfus.is

www.olfus.is

60 ára Afmælishátíð Þorlákshafnar verður haldin hátíðleg um Hafnardagahelgina

1. – 5. júní

Hafnardagar verða með glæsilegu sniði í ár þar sem Þorlákshöfn heldur uppá 60 ára afmæli. Markmið hátíðarinnar er að skemmta ungum sem og öldnum, heimamönnum og gestum.



Anna Greta Ólafsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri hátíðarinnar og vinnur að henni ásamt Börböru Guðnadóttur menningafultrúa Ölfuss. Anna Greta hefur verið að bardúsa ýmislegt í viðburðarstjórnun og setti síðast upp sýninguna Krafturinn knýr í Borgarleikhúsinu. Nýverið stofnaði Anna Greta heimasíðuna bardusa.is ásamt athafnakonunum Ásdísi Halldórsdóttur og Guðrúnu Láru Sveinbjarnardóttur en bardusa.is hýsir ólíka starfsemi þeirra undir einu flaggi. Anna Greta er nemandi í menningastjórnun í Háskólanum á Bifrost og er afmælishátíðin hennar fyrsta bæjarhátíð. Undirbúningur hátíðarinnar er kominn á skrið og margt skemmtilegt verður í gangi sem á bara eftir að festa almennilega. Útvarp Hafnardaga verður á sínum

stað. Efnt verður til námskeiðs fyrir alla sem vilja vinna við útvarpið og kennd verður viðtalstækni, þáttagerð og tæknivinna sem fylgir útsendingu. Nú þegar hefur verið efnt til laga-samkeppni varðandi hafnardagalagið. Sterkustu menn landsins munu etja kappi niður við höfn. Furðufiskar úr sjónum verða til sýnis og flottustu fornbílar landsins munu líklega kíkja á rúntinn í Þorlákshöfn. Hátíðin verður öll hin glæsilegasta niður við höfn. Föstudagskvöldið verður einstakt tónleikakvöld á höfninni ásamt ýmsum uppákomum og laugardagurinn fullur af skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Auðvelt er að ná í Önnu Gretu framkvæmdastjóra hátíðarinnar í síma 695-2506 og á anna@bardusa.is.

Björgunarsveitin Mannbjörg

Við hjá Björgunarsveitinni Mannbjörg höfum fyrirhugað að festa kaup á Atlantic 21 björgunarbát og styrkja þannig björgunarbúnað félagsins til muna á sjó og vötnum.

Fjárfesting þessa báts kostar umtalsverða fjármuni eða á bilinu 2,5 til 3 milljónir og óskum við því eftir aðstoð við fjármögnun kaupanna.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá:

Kristján Þór Ingvason í síma 862-2399 kristjany@simnet.is

Þorsteinn Jónsson í síma 898-9102 steinistimpill@simnet.is



Hægt er að leggja styrkinn inn á reikning félagsins:

Nr: 0150-26-01438 Kt: 460387-2569

Með fyrirfram þökk um veittan stuðning
Björgunarsveitin Mannbjörg, Þorlákshöfn



Bergheimafréttir

Heimsókn frá Félagi eldri borgara í Ölfusi

Í mars kom Guðrún Jóhannesdóttir í heimsókn á Hulduheima og las fyrir börnin.

Öskudagurinn

Í ár var prófað að hafa öskudagsball í íþróttahúsinu og tókst það vel, það var nóg pláss fyrir börnin að dansa og hlaupa. Salnum var skipt niður með tjaldi þannig að hálfur salurinn var notaður.

Tónlistarskólinn

Þann 17. mars kom Ása Berglind tónlistarkennari með blásturshljóðfæris nemendurna Arnór Daða og Daníel Orra og spiluðu þeir í lok leikfímistíma í íþróttahúsinu. Var það skemmtileg tilbreytni en leikfímisstundin endar alltaf á því að allir setjast niður í hring og syngja saman nokkur lög.

Generalprufa

Einn hluti af samstarfi skólastiganna er að leikskólanum er boðið að koma og horfa á generalprufu fyrir árshátíðina hjá yngsta stiginu. Generalprufan í ár var þann 31. mars og fór um við með öll börnin.

Starfsmannahald

Katrín Ósk hætti 1. apríl og fór að vinna við starf sem nýttist í hennar námi en hún er búin að vera í ferðamálastjóla með vinnu s.l. 2 ár. Þökkum við henni fyrir gott samstarf og óskum henni velfarnaðar í nýju starfi. Við þessa breytingu urðu breytingar innanhúss. Friða fer í 90% stöðu, Sjöfn fer í 100% stöðu á Hulduheima og Herdís Ólöf var ráðin inn í 50% stöðu inn á Dvergaheima. Það voru 9 sem sóttu um þessa lausu stöðu. Einnig hafa verið langvarandi veikindi á starfsfólkinu en nú síðast fór Þóra R. í veikindafrí og var Sigríður Hulda Sígúsdóttir fengin til að leysa hana af á meðan

Leikfímisýning

Þann 14. apríl kl 10 er síðasti leikfímistíminn í íþróttahúsinu í vetur og er

foreldrum og öðrum ættingjum boðið að koma og horfa á börnin á leikfímisýningu í íþróttahúsinu. Sýningin stendur yfir í 40 mínútur.

Útskrift hjá 6 ára börnunum

Útskriftarhátíð verður 28. apríl á Hulduheimum í boði foreldrafélagsins. Farið verður út að borða og börnin fá afhentan penna með merki leikskólans, hatt og möppu með verkum sínum og myndum frá leikskólagöngu þeirra. Þetta er alltaf mjög hátíðleg stund. Í sumar eru það 25 börn sem hætta í leikskólanum.

Alþjóðlegur dansdagur

29. apríl er alþjóðlegur dansdagur lögð verður áhersla á ýmsa dansa þennan dag sem hver deild útfærir á sinn hátt. En gaman er að segja frá því að á Álfaheimum og Dvergaheimum er dans í dagskipulagi einu sinni í viku.


Foreldrafundur

Þann 3. maí kl 8 verður fundur fyrir foreldra barna sem eru á Hulduheimum en á þessum fundi eiga foreldrar að láta vita hvenær barnið hættir. Einnig verður kynnt fyrir foreldrum hvernig skilafundi milli skólastiga er háttað. Fulltrúar mæta frá Frístund og kynna hvernig starfsemi er háttað hjá þeim m.a. hvenær þarf að sækja um og hvað er opið lengi o.fl.

Starfsdagur

Þann 13. maí verður starfsdagur og er þá leikskólinn lokaður, kennararnir fara í námsferð í Leikskólann Rauðhól og Krikaskóla sem hannaður er sem leik-, tónlistar- og grunnskóli fyrir 1-9 ára börn.

Með kveðju, Dagný, aðstoðarleikskólalastjóri



Opið þri.-fös. kl. 13-18 og lau. kl. 11-14



Vikan 4.-8. apríl

4. apríl Dvergheimar fara í heimsókn á 9-una. 7. apríl er leikfími í íþróttahúsinu, passa þarf að hafa börnin í þægilegum fatnaði. 8. apríl er rugldagur þá fara börnin á milli deilda milli kl. 10-11.

Vikan 11.-15. apríl

12. apríl Trölllaheimar fá heimsókn frá Félagsstarfi eldri borgara. 14. apríl er leikfímisýning kl 10 í íþróttahúsinu þar sem foreldrum og öðrum ættingjum er boðið að koma og horfa á börnin í síðasta leikfímistímanum. 15. apríl er söngstund í þar sem allir mæta inn í sal og syngja saman.

Vikan 18.-22. apríl

21. apríl er skírdagur og leikskólinn er lokaður. 22. apríl er föstudaginn langi og leikskólinn er lokaður.

Vikan 25.-29. apríl

25. apríl er annar í páskum og leikskólinn er lokaður. 28. apríl er útskriftaveisla hjá elstu börnunum. 29. apríl er uppákoma í söngstund þar sem ein deild sér um söngstundina og er með einhvern flutning.

Ívottahús Ölfuss

Unubakka 4 Þorlákshöfn s. 483-3530
Opið 9-12 og 14-17 virka daga



Fatahreinsun
Fataviðgerðir
Saumaskapur
Rennilásar
Borðdúkar til leigu
Söluhorn
Þrjónalopi - ýmsir litir

Verið velkomin

SPAKMÆLI

Það er betra að hafa munninn lokaðan og láta fólk halda að þú sért bjáni en að opna hann og taka af allan vafa.
Mark Twain

ARNAR
HEILGA!



Elsku Aron Ingi

Innilega til hamingju með 15 ára afmælið þann 12. apríl. Þínir bræður Ægir Þór & Ísak Ernir, mamma og pabbi.



Áburður til sölu

Björgunarsveitin Mannbjörg er með til sölu úrvals áburð keyrt upp að húsi.

Grasáburður 10 kg 2500 kr.

Kartöfluáburður 10kg 2500 kr.

Trjááburður 10kg 2500 kr.

Ef þig vantar áburð hringdu þá fyrir 15. apríl í síma:

8677506 Sigrún

8989102 Steini

8983196 Ásgeir



RANNAROKK
15. apríl
rannarokk.com



Menningar- viðburða- og veitingahús á besta stað í bænum

Heitur matur í hádeginu á fimmtudögum og föstudögum frá kl. 11:30 til 14:00

Barinn opin frá kl. 22:00 á föstudags- og laugardagskvöldum

RÁÐHÚSI KAFFI
Alhliða veitingaþjónusta » Sími 483 1700